

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 1701175
Málsheiti: Selhraun suður, breyting á deiliskipulagi
Málsaðili: Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð af: Berglind Guðmundsdóttir
Ábyrgðaraðili: Berglind Guðmundsdóttir

Fundur: Skipulags- og byggingarráð - 734 (4.5.2021) - Selhraun suður, breyting á deiliskipulagi

Dags: 04.05.2021

Inngangur: Lögð fram drög að umhverfisskýrslu vegna vinnu við aðalskipulagsbreytingu.

Niðurst.: Skipulags- og byggingarráð felur skipulagsfulltrúa að taka saman greinargerð sem tekur til þeirra atriða sem fram koma í umsögnum. ***Jafnframt er honum falið að hefja vinnu við greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar.***

Fundur: Skipulags- og byggingarráð - 732 (9.4.2021) - Selhraun suður, breyting á deiliskipulagi

Dags: 09.04.2021

Inngangur: Tekið til umræðu breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi Selhrauns suður. Skipulagsfulltrúi gerir grein fyrir erindinu.

Niðurst.: Tekið til umræðu.

Fundur: Skipulags- og byggingarráð - 726 (26.1.2021) - Selhraun suður, breyting á deiliskipulagi

Dags: 26.01.2021

Inngangur: Skipulags- og byggingarráð samþykkti lýsingu skipulagsverkefnisins og vísaði í kynningu og samráð samanber 30.gr. skipulagslaga þann 1.12.2020. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs þann 10.12.2020. Frestur til að skila inn umsögnum var til 21.1.2020.

Innkomnar umsagnir lagðar fram.

Niðurst.: Skipulags- og byggingarráð vísar framkomnum umsögnum til áframhaldandi vinnu við endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025.

Fundur: Fræðsluráð - 458 (13.1.2021) - Selhraun suður, breyting á deiliskipulagi

Dags: 13.01.2021

Inngangur: Lögð fram beiðni um umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2015, landnotkun Selhraun suður.

Niðurst.: Fræðsluráð felur sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusvið að taka saman umsögn um málið og senda til umhverfis- og skipulagssviðs.

Fundur: Íþróttá- og tómstundanevnd - 325 (6.1.2021) - Selhraun suður, breyting á deiliskipulagi

Dags: 06.01.2021

Inngangur: Skipulagsfulltrúi óskar eftir umsögn íþróttá- og tómstundanevndar vegna Selhrauns suður, sjá fylgiskjöl.

Niðurst.: Íþróttá- og tómstundanevnd leggur á það áherslu að öruggt aðgengi gangandi og hjólandi

vegfaranda verði tryggð af nýja íbúðasvæðinu inni í aðalíbúðahverfið þar sem skóli, íþróttamannvirki og aðgengi að Ástjörn, Ásfjalli og svæðinu kringum Hvaleyrvatn er gott.

Fundur: Bæjarstjórn - 1859 (9.12.2020) - Selhraun suður, breyting á deiliskipulagi

Dags: 09.12.2020

Inngangur: 9. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 1. desember sl.

Lagt fram á ný erindi Norðurhelli 13 um breytingu á skipulagi svæðisins. Skipulags og byggingarráð fól umhverfis- og skipulagssviði að vinna tillögu að breyttu aðalskipulagi með það að markmiði að breyta landnotkun fyrir lóðirnar Norðurhelli 13-15-17-19 og Suðurhelli 12-14 í blandaða byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis. Bæjarstjórn staðfesti erindið á fundi sínum þann 28.10. s.l. Lögð fram skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingarinnar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða lýsingu skipulagsverkefnisins og vísar henni í kynningu og samráð samanber 30.gr. skipulagslaga. Jafnframt er erindinu vísað til staðfestingar í bæjarstjórn. Niðurst.: Til máls tekur Ingi Tómasson. Einnig Friðþjófur Helgi Karlsson og Sigurður Þ. Ragnarsson. Til andsvars kemur Ingi Tómasson og svarar Sigurður andsvari.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu skipulags- og byggingaráðs.

Fundur: Skipulags- og byggingarráð - 722 (1.12.2020) - Selhraun suður, breyting á deiliskipulagi

Dags: 01.12.2020

Inngangur: Lagt fram á ný erindi Norðurhelli 13 um breytingu á skipulagi svæðisins. Skipulags og byggingarráð fól umhverfis- og skipulagssviði að vinna tillögu að breyttu aðalskipulagi með það að markmiði að breyta landnotkun fyrir lóðirnar Norðurhelli 13-15-17-19 og Suðurhelli 12-14 í blandaða byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis. Bæjarstjórn staðfesti erindið á fundi sínum þann 28.10. s.l. Lögð fram skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingarinnar.

Niðurst.: Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða lýsingu skipulagsverkefnisins og vísar henni í kynningu og samráð samanber 30.gr. skipulagslaga. Jafnframt er erindinu vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fundur: Bæjarstjórn - 1856 (28.10.2020) - Selhraun suður, breyting á deiliskipulagi

Dags: 28.10.2020

Inngangur: 2.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 14.október sl.

Frestað á fundi bæjarstjórnar 14.október. Tekið fyrir að nýju.

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 6.október sl.

Lagt fram á ný erindi Norðurhelli 13 um breytingu á skipulagi svæðisins. Umsögn skipulagsfulltrúa lögð fram.

Skipulags og byggingarráð felur umhverfis- og skipulagssviði að vinna tillögu að breyttu aðalskipulagi með það að markmiði að breyta landnotkun fyrir lóðirnar Norðurhelli 13-15-17-19 og Suðurhelli 12-14 í blandaða byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Til máls tekur Ingi Tómasson.

Einnig tekur til máls Ágúst Bjarni Garðarsson sem og Sigurður Þ. Ragnarsson sem leggur fram tillögu um að afgreiðslu málsins verði frestað.

Þá tekur Rósa Guðbjartsdóttir til máls. Sigurður Þ. svarar andsvari.

Til máls öðru sinni tekur Ingi Tómasson og til andsvars kmeur Sigurður Þ.

Ágúst Bjarni tekur til máls öðru sinni. Til andsvars kemur Sigurður Þ. Ágúst Bjarni svarar andsvari og Sigurður kemur til andsvars öðru sinni. Einnig til andsvars kemur Ingi Tómasson.

Þá tekur til máls Guðlaug Kristjánsdóttir. Einnig Friðþjófur Helgi Karlsson og kemur Ágúst Bjarni til andsvars. Einnig kemur Ingi Tómasson til andsvars við ræðu Friðþjófs. Þá kemur Guðlaug Kristjánsdóttir til andsvars.

Kristinn Andersen forseti ber um framkomna tillögu m frestun á afgreiðslu málsins milli funda og er tillagan samþykkt samhljóða.

Friðþjófur Helgi Karlsson gerir grein fyrir atkvæði sínu sem og Ágúst Bjarni Garðarsson.

Niðurst.: Til máls tekur Ingi Tómasson. Einnig tekur Ágúst Bjarni Garðarsson til máls sem og sigurður Þ. Ragnarsson.

Þá tekur Friðþjófur Helgi Karlsson til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs.

Sigurður Þ. Ragnarsson kemur að svohljóðandi bókun:

Sú breytingatillaga sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir að heimila íbúðabyggð í iðnaðarhverfi. Vel getur slíkt gengið ef hverfi eru hugsuð heildstætt með slíku skipulagi. Það á ekki við um þennan reit.

Íbúðir við Norðurhelli 13,15,17 og 19 gætu verið álitlegir kostir. Hins vegar er lega Suðurhelli 12 og 14 önnur. Liggja þær lóðir mun nær Straumsvíkurlínu (raflínu), liggja beinlínis þétt við þær lóðir. Sýnt hefur verið fram á rafsegulsvið við jafn háa spennu og fer um þessar línur (tugþúsundir volta) getur verið heilsuspillandi fyrir þann sem dvelur við slíkar aðstæður langdvölum. Auk þessa rýrir vindgnaður sem frá línunum kemur þegar hvasst er í veðri lífsgæði þeirra sem við slíkar aðstæður búa.

Fulltrúi Miðflokksins hefði því talið sbr. það sem áður kemur fram, æskilegt að lóðirnar Suðrhella 12 og 14 væru ekki í hinu breytta deiliskipulagi.

Vöntun hefur verið á litlum íbúðum þó úrbætur í því séu vissulega innan seilingar. Lóðirnar við Norðurhelli gætu að nokkru hjálpað við að stoppa í það gat. Sökum þess hluta skipulagsins samþykkir fulltrúi Miðflokksins umrædda breytingu á deiliskipulaginu.

Fundur: Bæjarstjórn - 1855 (14.10.2020) - Selhraun suður, breyting á deiliskipulagi

Dags: 14.10.2020

Inngangur: 3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 6.október sl.

Lagt fram á ný erindi Norðurhelli 13 um breytingu á skipulagi svæðisins. Umsögn skipulagsfulltrúa lögð fram.

Skipulags og byggingarráð felur umhverfis- og skipulagssviði að vinna tillögu að breyttu aðalskipulagi með það að markmiði að breyta landnotkun fyrir lóðirnar Norðurhelli 13-15-17-19 og Suðurhelli 12-14 í blandaða byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Niðurst.: Til máls tekur Ingi Tómasson.

Einnig tekur til máls Ágúst Bjarni Garðarsson sem og Sigurður Þ. Ragnarsson sem leggur fram tillögu um að afgreiðslu málsins verði frestað.

Þá tekur Rósa Guðbjartsdóttir til máls. Sigurður Þ. svarar andsvari.

Til máls öðru sinni tekur Ingi Tómasson og til andsvars kmeur Sigurður Þ.

Ágúst Bjarni tekur til máls öðru sinni. Til andsvars kemur Sigurður Þ. Ágúst Bjarni svarar andsvari og Sigurður kemur til andsvars öðru sinni. Einnig til andsvars kemur Ingi Tómasson.

Þá tekur til máls Guðlaug Kristjánsdóttir. Einnig Friðþjófur Helgi Karlsson og kemur Ágúst Bjarni til andsvars. Einnig kemur Ingi Tómasson til andsvars við ræðu Friðþjófs. Þá kemur Guðlaug Kristjánsdóttir til andsvars.

Kristinn Andersen forseti ber um framkomna tillögu m frestun á afgreiðslu málsins milli funda og er tillagan samþykkt samhljóða.

Friðþjófur Helgi Karlsson gerir grein fyrir atkvæði sínu sem og Ágúst Bjarni Garðarsson.

Fundur: Skipulags- og byggingarráð - 716 (6.10.2020) - Selhraun suður, breyting á deiliskipulagi

Dags: 06.10.2020

Inngangur: Lagt fram á ný erindi Norðurhelli 13 um breytingu á skipulagi svæðisins. Umsögn skipulagsfulltrúa lögð fram.

Niðurst.: Skipulags og byggingarráð felur umhverfis- og skipulagssviði að vinna tillögu að breyttu aðalskipulagi með það að markmiði að breyta landnotkun fyrir lóðirnar Norðurhelli 13-15-17-19 og Suðurhelli 12-14 í blandaða byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fundur: Skipulags- og byggingarráð - 714 (22.9.2020) - Selhraun suður, breyting á deiliskipulagi

Dags: 22.09.2020

Inngangur: Lagt fram erindi lóðarhafa Norðurhelli 13 um breytingu á skipulagi lóðarinnar.

Niðurst.: Skipulags- og byggingarráð felur skipulagsfulltrúa að taka saman umsögn vegna erindisins.